



ORKUSTOFNUN

Forrit til úrvinnslu borholugagna 1964

Þórður Arason

Greinargerð þA-94-01

15. febrúar 1994

FORRIT TIL ÚRVINNSLU BORHOLUGAGNA

1. Inngangur

Að undanförnu hefur verið nokkur umræða um lélegt ástand forrita til úrvinnslu borholumælinga. Allir eru sammála um að núverandi ástand gengur ekki; inntak og úttak forritanna er eins þunglamalegt og hugsast getur. Helstu hugmyndir að úrbótum eru að mínu mati eftirfarandi:

- 1) Sjálfvirkni. Forrit sem taka gögn og ýmsar upplýsingar beint úr gagnagrunni, víddarleiðrætta og reikna hitt og þetta, og skila mynd af niðurstöðu með öllum nauðsynlegum merkingum. Ýmsar upplýsingar í haus.
 - 2) Umhverfi. Forrit sem farið er inn í og gefnar einfaldar skipanir sem ná í gögn, framkvæma aðgerðir, teikna o.s.frv. Ýmsar umhverfisbreytur.
 - 3) Pípulagnabútar. Mörg forrit sem notfæra pípukerfi Unix. Úrvinnsla fer þá fram með því að dæla gögnum frá einu forriti til þess næsta og á endanum út á mynd. Enginn haus.
- Helsti munur þessara valkosta er að 1) er líklega þægilegast í notkun, en 2) flottast og 3) langeinfaldast að koma í notkun. Á fundi 25. janúar 1994 var hallast að fyrsta kosti. Áður en ég hafði notað górnlu forritin leist mér vel á þann kost. Eftir að hafa notað forritin og kynnst því að mesta vinnan felst í að sannreyna að gögnin séu í lagi er ég orðinn sannfærður um að eina leiðin sem vit er í er sú þriðja. Þetta er líka leið sem má framkvæma á vikum með smá breytingum á inntaki og úttaki núverandi forrita. Pessi leið gerir þá kröfу til notanda að hann viti hvað hann er að gera.

2. Staða mála

Núverandi forrit virka þannig að spurningaflóð kemur á skjáinn. Flest eru þannig að spurt er um inntaksskrá og úttaksskrá og einhver einföld aðgerð framkvæmd. Helstu forrit sem nú eru í notkun eru: dzint, dypleidr, dens, porurk, turn, depthcov, sio2, crosspl. Spurningalisti forritanna er svipaður. Dæmi um notkun forritsins dzint, sem interpolerar skrá og býr til dýpi með föstu millibili:

dzint

***** program dzint *****

The program interpolates in all gaps in depth, puts zeros in for the log values if the gap is > fgap interpolates otherwise.

***** Input file

Skráarstaður (directory) _____

Skráarnafn (filename) _____nn

Undir nafn (filetype) _____dat

Opna skrá nn.dat (y/n) _____y

The depth values have to be in increasing order!

If not do <ctr> c and run TURN on file

***** Output file

Skráarstaður (directory) _____

Skráarnafn (filename) _____nn

Undir nafn (filetype) _____int

Opna skrá nn.int (y/n) _____y

of channels _____1

Digitizing interval deld ; 0.1

Gaps to be interpolated (m) ; 10

The first depth value d(1) = 35.000

Do you want to change d(1) (y/n) ? n

More files (y/n) ? n

STOP stop dzero

og hana nú.

3. Breytt og ný forrit

Mér sýnist unnt að breyta flestum forritum í pípulagnabúta með nokkrum rofum (með sjálfstillingu). Dæmi:

```
dzint -i 0.1 -g 10 < nn.dat > nn.int
dyleidr -a 0.4 < nn.dat > nn.dl
dens -v 100 < gg.dat > dens.dat
dens -V vidd.dat < gg.dat > dens.dat
porur -v 100 < nn.dat > por.dat
porur -V vidd.dat < nn.dat > por.dat
turn < nn.upp > nn.niður
sio2 -v 100 < gamma.dat > sio2.dat
sio2 -V vidd.dat < gamma.dat > sio2.dat
depthcov -d 2.0 -F data.dat < ref.dat > cov.dat
crosspl -F data.dat < ref.dat > xy.dat
```

Önnur forrit sem mætti bæta í safnið:

```
dypi -d 23 125.3 < nn.dat > nn.clip
berg -P por.dat < dens.dat > berg.dat
tjekka < nn.dat
sia -w 5.0 -t Gauss < 16.dat > 16.sia
dec2hex
hex2dec
grisjun -R nn.dat < por.int > por.dat
hist (til)
xy (til)
summa (til)
```

4. Framtíðarsýn

Eftirfarandi er dæmi um notkun pípulagna-búta. Nú vil ég fá mynd af poruhluta með dýpi:

```
dzint -i 0.1 -b 38 < vidd.dat > vidd.int ;
dzint -i 0.1 -b 38 < nn.dat | porur -V
vidd.int | grisjun -R nn.dat | xy -t 0 -x 'Dýpi
(m)' -y 'Poruhluti N-N (%)' -H 'Kúrvellir
Hola KV-7'
```

Vil fá mynd af bergeðlismassa:

```
dzint -i 0.1 -b 38 < vidd.dat > vidd.int ;
dzint -i 0.1 -b 38 < nn.dat | porur -V
vidd.int > por.int ; dens -V vidd.int < gg.dat
| berg -P por.int | grisjun -R gg.dat | xy -t 0
-x 'Dýpi (m)' -y 'Bergeðlismassi (kg/l)' -H
'Kúrvellir Hola KV-7'
```

og svo má lengi telja. Aðalkosturinn við þessa pípulagnabúta er að við getum þá

reiknað með að hafa þetta kerfi tilbúið fyrir vorið. Sjálfsagt er að færa forritin yfir á PC-vélar.

Pórður Arason